



TÍÐINDI

af vettvangi Sambands íslenskra sveitarfélaga

4. tbl. maí 2014



Meðal efnis:

Fjárhagsaðstoð í brennidepli	2
Ný skýrsla um fjárhagsaðstoð	4
Launamunur kynjanna minnstur há sveitarfélögum	5
Vorþing Grunns	8
Fundur um fristundaheimili	10
Bæjarhátíðir	12

Fjárhagsaðstoð í brennidepli

- vofundur Samtaka félagsmálastjóra haldinn í Vesturbyggð

Samtök félagsmálastjóra á Íslandi héldu vofund sinn dagana 22. og 23. maí sl. Að þessu sinni varð Vesturbyggð fyrir valinu og var fundað á Patreksfirði.

Fjárhagsaðstoð sveitarfélaga var í brennidepli á fundinum. Gunnar Sandholt félagsmálastjóri í Skagafirði og Hjördís Hjartardóttir félagsmálastjóri Borgarbyggðar fjölluðu um siðferðilegar spurningar og þær faglegu skyldur sem hvíla á félagsþjónustunni. Þau lögðu áherslu á virðingu fyrir skjólstaðingum og jákvæða hvatningu. Töldu þau að hugmyndir um skerðingu á grunnfjárhagsaðstoð væru afturhvarf til löngu liðins tíma.

Rannveig Einarsdóttir, sviðsstjóri velferðarsviðs Hafnarfjarðarbæjar, kynnti nýtt verkefni í Hafnarfirði sem hlotið hefur heitið Áfram! Verkefninu er ætlað

að virkja þá einstaklinga sem sækja um fjárhagsaðstoð og eiga ekki við annan vanda að etja en atvinnuleysi. Rannveig rakti helstu þætti verkefnisins en í því eru ýmis nýmæli, meðal annars um viðtæka teymisvinnu um málefni viðtakenda aðstoðar undir yfirskriftinni Virðing – Vinna – Virkni. Verkefnið byggist á ítarlegri greiningu á þeim hópi sem um ræðir og er mikið lagt upp úr að fylgjast náið með þeim viðbrögðum sem verkefnið fær. Árangur verður metinn og ef verkefnið þykir gefa góða raun er miðað við að verklagið verði fest í sessi.

Líflegar umræður um skilyrðingar

Einnig fluttu þær Stella K. Víðisdóttir, sviðsstjóri á velferðarsviði Reykjavíkur, og Ellý A. Þorsteinsdóttir skrifstofustjóri erindi þar sem þær greindu frá þeim aðgerðum

Hjálp til sjálfshjálpar



Gyða Hjartardóttir, félagsþjónustufulltrúi sambandsins, flutti erindi á fundinum þar sem hún kynnti m.a. nýja skýrslu sambandsins um fjárhagsaðstoð og skilyrðingar þeim tengdar, þ.e. að viðtakandi sé virkur í atvinnuleit og taki þátt í þeim úrræðum sem í boði eru. Markmið slíkra úrræða er að styðja viðtakendur í átt til sjálfshjálpar og koma í veg fyrir að þeir festist til langframa á fjárhagsaðstoð. Gyða rakti niðurstöður nýlegra rannsókna um inntak og framkvæmd slíkra skilyrða en tók einnig fram að þau ættu einungis við þá sem teljast vera vinnufærir og fá

fjárhagsaðstoð annars staðar á Norðurlöndum, Þýskalandi og Bretlandi, en þau lönd voru til skoðunar í skýrslunni.

FÉLAGSPJÓNUSTA



sem Reykjavík hefur gripið til vegna fjölgunar viðtakenda fjárhagsaðstoðar. Velferðarsvið framkvæmir rannsóknir og reglulegar úttektir til þess að meta árangur aðgerða. Rannsóknir sýna að þessi hópur er á margan hátt illa staddur og mikilvægt að haga nálgun og hvatningu til virkni/vinnu í samræmi við það.

Ný úrræði hafa verið þróuð og eru virkniráðgjafar á hverri þjónustumiðstöð. Sérstakt kynningarnámskeið er fyrir atvinnuleitendur án bótaréttar, auk þess sem EMS-viðtalsformið hefur verið þróað (eigið mat á starfsgetu). Öðrum sveitarfélögum stendur til boða að fá þetta form til afnota frá borginni.

Framsögurnar vöktu líflegar umræður. Sérstaklega var rætt hver væri munurinn á ýmsum skilyrðum sem fram koma í reglum sveitarfélaga um fjárhagsaðstoð, þ.e. þeim

skilyrðum sem almennt er beitt í sveitarfélögum annars vegar, og þeim skilyrðum sem beitt er í verkefni Hafnarfjarðarbæjar og skilyrðum í aðgerðaráætlun borgarinnar hins vegar. Kom fram að um heimildargreiðslur gildi önnur sjónarmið en þegar ákvarðanir eru teknar um að skerða grunnaðstoð. Á móti var bent á að slíkar skerðingar tíðkist í nágrannalöndum og séu þar taldar skila árangri þannig að vinnufærir einstaklingar eru hvattir til þess að leita

úrræða fremur en að festast til langframa á fjárhagsaðstoð.

Málefnið var ekki rætt til niðurstöðu á fundinum en þátttakendur voru á einu máli um gagnsemi þess að skiptast á skoðunum um þennan mikilvæga þátt í félagsþjónustu sveitarfélaganna.



Tryggvi Þórhallsson, lögfræðingur hjá sambandinu, fjallaði um hugsanlegar breytingar á íslenski löggjöf, meðal annars með hliðsjón af stöðunni í nágrannalöndum. Meðal atriða sem skoða þarf í vinnunni

framundan er samspil fjárhagsaðstoðar við framfærsluskyldu innan fjölskyldu, aldurstengingar, tilboð um hlutastörf og viðbrögð við því ef viðtakendur aðstoðar glíma við fíkn eða heilbrigðisvandana.

Ný skýrsla um fjárhagsaðstoð sveitarfélaga

Í skýrslunni er fjallað um skipulag fjárhagsaðstoðar í nágrannalöndunum Svíþjóð og Noregi, auk þess sem lítillega er vikið að stöðunni í Danmörku, Þýskalandi og Bretlandi. Gerð skýrslunnar er samvinnuverkefni hag- og upplýsingasviðs og lögfræði- og velferðarsviðs þar sem leitast er við að draga saman á aðgengilegan hátt megindrætti í þeirri aðstoð sem löndin veita þeim sem fullnýtt hafa rétt sinn til atvinnuleysisbóta og fá fjárhagsaðstoð hjá sveitarfélögunum.

Í öllum löndunum á sér stað samspil milli málefna vinnumarkaðarins og þeirrar aðstoðar sem sveitarfélögin veita ef sú staða kemur upp að einstaklingur eða fjölskylda hans nær ekki að framfleyta sér. Því fylgja bæði kostir og gallar að sveitarfélögin taki við þeim sem falla út af atvinnuleysisbótum og sinni þannig í reynd veigamiklu hlutverki í málefnum vinnumarkaðarins. Löndin fimm eiga sammerkt að beita í auknum mæli virkum (aktívum) aðgerðum til þess að koma í veg fyrir að viðtakendur festist til langframa á fjárhagsaðstoð eftir að atvinnuleysisbótum sleppir. Í þessum löndum hafa menn horfið frá þeim aðferðum að aðstoðin sé veitt með óvirkum (passívum) greiðslum sem stuðla að lífsmynstri sem erfitt getur reynst að brjótask út úr, sérstaklega fyrir ungt fólk.

Svonefndar „skilyrðingar“ eru meðal aðgerða sem gripið er til en þær fela í sér að viðtakandi fjárhagsaðstoðar sem hafnar starfi

við hæfi eigi hvorki rétt til atvinnuleysisbóta né fjárhagsaðstoðar sveitarfélags. Rannsóknir sem fram hafa farið á aðgerðum í þessum löndum benda eindregið til að skilyrðingar hafi ótvíræð áhrif við að hvetja viðtakendur aðstoðar til þess að leita að vinnu og taka þátt í úrræðum sem þeir hafa á annað borð getu til þess að sinna.



Skýrsla sambandsins um Fjárhagsaðstoð sveitarfélaga – leið til virkrar samfélagsþátttöku kom út í lok apríl 2014. Skýrslan er unnin í samvinnu lögfræði- og velferðarsviðs og hag- og upplýsingasviðs sambandsins

Launamunur kynjanna minnstur hjá sveitarfélögunum

Samkvæmt úttekt Hagstofu Íslands á launamun kynjanna árið 2013 var hann lægstur hjá sveitarfélögunum 5,6%. Munurinn var 19,9% á almennum vinnumarkaði en 16,2% hjá ríkisstofnunum. Umfjöllun um laun og dreifingu þeirra, vinnutíma og samsetningu gagnasafnsins eftir kyni má finna í [frétt Hagstofunnar](#).

Í úttektinni kemur jafnframt fram að karlar vinna að jafnaði meira en konur og voru vikulega greiddar stundir fullvinnandi karla 44,2 en vikulegar greiddar stundir fullvinnandi kvenna voru 41,9.

Ályktun stjórnar sambandsins um virkniúrræði

Allmörg mál sem voru á þingmálaskrá ríkisstjórnarinnar bíða ennþá framlagningar. Af slíkum málum má nefna breytingar á lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga (virkniúrræði). Stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga samþykkti samhljóða svohljóðandi ályktun á fundi sínum 16. maí 2014 um það mál:

„Stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga beinir því til félags- og húsnæðismálaráðherra að frumvarp verði lagt fram strax í upphafi haustþings 2014, þar sem heimildir sveitarfélaga til að setja skilyrði um virkniúrræði verði lögfest. Afar brýnt er að sveitarfélögin hafi skýra lagastoð til þess að forða ungu fólki frá því að lenda varanlega á framfæri hins opinbera og er mikilvægt að sveitarstjórnir finni fyrir

stuðningi af hálfu ríkisstjórnarinnar við að takast á við þetta vandamál, sem því miður fer enn vaxandi. Jafnframt ítrekar stjórnin vilja sinn til þess að taka upp formlegar viðræður við ríkið um að fá hlutdeild í tryggingagjaldi til þess að fjármagna aukin útgjöld sveitarfélaga vegna fjárhagsaðstoðar og virkniúrræða.“



SVEITARSTJÓRNARKOSNINGAR



Myndbönd sem vekja eiga athygli á sveitarstjórnarkosningunum 31. maí

Sveitarstjórnarkosningar fara fram 31. maí næstkomandi og verða þá kjörnir fulltrúar til setu í sveitarstjórn um allt land. Sveitarfélögin eru 74 talsins en í þremur þeirra er sjálfkjörið í sveitarstjórn þar sem aðeins einn listi kom fram fyrir lok framboðsfrests.

Á undanförunum áratugum hefur kosningabátttaka í sveitarstjórnarkosningum farið minnkandi. Kosningabátttaka í kosningum 2010 var sú lægsta í 40 ár

eða 73,5% og lækkaði um 5,2 %-stig frá kosningunum 2006. Á tímabilinu 1970 til 2010 var kosningabátttaka mest árið 1974 eða 87,8%. Kosningabátttaka 2010 var því 14,3 %-stígunum lægri en árið 1974.

Í öðrum norrænum ríkjum hefur sama þróun átt sér stað – sífellt færri nýta sér kosningarréttinn. Þar hefur kosningabátttakan einnig verið greind niður á aldurhópa og eftir uppruna. Þannig hefur komið í ljós að yngri kjósendur

og innflytjendur hafa síður nýtt sér kosningaréttinn en þeir sem eldri eru eða þeir sem eru innfæddir.

Slík greining á kosningaþátttöku hefur ekki farið fram hér á landi. Þess vegna er ekki hægt að fullyrða með neinni vissu að yngri kjósendur séu ekki að nýta sér kosningaréttinn, en samt má ætla að sama þróun sé hér á landi og í öðrum norrænum ríkjum.

Samband íslenskra sveitarfélaga hefur því látið gera myndbönd til þess að vekja athygli á komandi sveitarstjórnarkosningum og eiga þau að höfða sérstaklega til ungs fólks, þar sem fólk er hvatt til þess að taka þátt í kosningunum og hafa þar með áhrif á hverjir stýra sveitarfélögunum á kjörtímabilinu 2014–2018. Myndböndin eru með íslenskum, enskum og pólskum undirtexta.

Myndböndin voru unnin í samstarfi við Tjarnargötuna ehf. og eru birt á samfélagsmiðlum, t.d. YouTube og Facebook-síðu sambandsins.

- [Er þér alveg sama?](#)
- [Hvað gera sveitarfélögin?](#)

Rétt er að geta þess að Alþingi samþykkti við þinglok þingsályktunartillögu um skráningu kjörsóknar eftir fæðingarári í kosningum á Íslandi frá og með vori 2014. Þrátt fyrir mjög skamman tíma til undirbúnings mun Hagstofa Íslands afla þessara upplýsinga frá kjörstjórnnum, en með þeim hætti að dregið verði úrtak úr kjörskrárstofni. Hagstofan áætlar að draga þurfi 28.000 manna úrtak sem yrði lagskipt með tilliti til kjörstjórnar (sveitarfélags), þannig að tryggja megi áreiðanleika niðurstaðna.





Vorping Grunns á Hallormsstað

Grunnur er félag stjórnenda á skóla- og fræðsluskrifstofum vítt og breitt um landið. Stjórnin er skipuð til tveggja ára og eru landshlutarnir til skiptis við stjórnvölinn. Nú ræður Austurland ríkjum. Haldin eru þing á hverju vori og í ár var það haldið á Hallormsstað dagana 21.-23. maí. Grunnur er afar þýðingarmikill samstarfs- og samráðsvettvangur í skólamálum og fær sambandið, ásamt mennta og menningarmálaráðuneytinu, góðan tíma í dagskrá þingsins að öllu jöfnu.

Að þessu sinni sóttu fimm starfsmenn sambandsins í skóla- og kjaramálum þingið. Valgerður Freyja Ágústsdóttir fjallaði

um PISA og viðbrögð m.a. í Þýskalandi, Kanada og Svíþjóð og kallaði eftir íslenskum viðbrögðum. Eins tæpti Valgerður á stöðu mála vegna ytra matsins. Þá fjallaði Klara E. Finnbogadóttir um málefni leikskóla, fundaröð um framtíðarsýn leikskólans og nýjar námsleiðir í leikskólafræðum. Hún undirstrikaði ábyrgð sveitarfélaga til þess að búa starfsfólki leikskóla þau skilyrði að geta sótt sér nám samhliða starfi.

Þóra Björg Jónsdóttir fjallaði um fjölgun beiðna foreldra um tvöfalda leik- og grunnskólavist og hvaða takmarkanir væru á því að verða við slíkum beiðnum. Svandís Ingimundardóttir fjallaði um

SKÓLAMÁL

nýtt samkomulag um skiptingu ábyrgðar milli ríkis og sveitarfélaga vegna talmeinaþjónustu við börn, samkomulag um eflingu tónlistarnáms og vinnu starfshóps um frístundaheimili.

Lengstum tíma var þó eðlilega varið í umræðu um nýjan kjarasamning milli FG


og SNS sem samkomulag náðist að kvöldi 20. maí. Bjarni Ómar Haraldsson greindi frá helstu atriðum samningsins og þeim breytingum sem samþykkt hans mun hafa, m.a. á vinnufyrirkomulag í skólum. Miklar umræður spunnust um samninginn og lýstu fundarmenn almennri ánægju með þau framfaraskref sem hann boðar.

Úthlutun úr Endurmenntunarsjóði grunnskóla 2014

Stjórn Námsleyfasjóðs, sem fer með málefni Endurmenntunarsjóðs grunnskóla, hefur lokið úthlutun árið 2014. Alls bárust umsóknir um styrki til 178 verkefna frá 73 umsækjendum upp á ríflega 91 milljón króna. Ákveðið var að veita styrki til 170 verkefna og nam heildarfjárhæð styrkloforða kr. 44.558.000. Bréf með niðurstöðu úthlutunar hafa verið send umsækjendum. Áherslusvið sjóðsins að þessu sinni voru:

- Hagnýtt læsi og lesskilningur í öllum námsgreinum
- Þróun kennsluhátta

[Yfirlit úthlutunar 2014.](#)



SKÓLAMÁL



Afrakstur fundar um frístundaheimili

Þann 12. maí sl. gekkst starfshópur mennta- og menningarmálaráðuneytisins fyrir morgunverðarfundum um starfsemi frístundaheimila eða lengdrar viðveru. Upptökur erinda sem flutt voru hafa verið gerð [aðgengileg á vef sambandsins](#) ásamt glærum fyrirlesara, niðurstöðum könnunar á starfsemi frístundaheimila í sveitarfélögum o.fl.

Meginhluti dagskrár fundarins var tekinn undir umræður þátttakenda í hópum sem umræðustjórar leiddu með þremur fyrirfram gefnum spurningum. Þessar spurningar ásamt leiðbeiningum til hópstjóra er að finna

á síðunni og eru sveitarfélög, sem ekki áttu fulltrúa á fundinum, hvött til þess að nýta sér þau gögn til fundahalda heima í héraði um málefni frístundaheimila. Þá er þar jafnframt aðgengileg fésbókarlóð þar sem þátttakendur hafa haldið áfram umræðunni og miðla hugmyndum og fleiru sínu á milli.

Afrakstur umræðunnar þann 12. maí verður tekinn saman á vinnufundi starfshópsins 12. júní nk. og birtur á síðunni. Hann mun nýtast til þess að leggja lokahönd á tillögur hópsins til ráðherra um næstu skref í stefnumörkun um starfsemi frístundaheimila.

KJARASAMNINGAR

Undirritun kjarasamninga

Þann 29. apríl sl. undirritaði samninganefnd Sambands íslenskra sveitarfélaga og Ljósmeðrafélags Íslands nýtt samkomulag um breytingu og framlengingu á kjarasamningum aðila. Sá samningur gildir frá 1. apríl og til 31. ágúst 2015. Að öðru leiti er hann sambærilegur við samningi BHM og Sambandsins.

Samningur við KÍ

Þann 21. maí sl. undirritaði samninganefnd Sambands íslenskra sveitarfélaga og

Félag grunnskólakennara samkomulag um framlengingu og breytingu á kjarasamningi aðila. Sá samningur gildir frá 1. maí 2013 til 31. desember 2016. Kjarasamningurinn felur m.a. í sér umtalsverðar breytingar launum kennara, nýjan vinnutímakafla, nýtt vinnumat fyrir grunnskólakennara og valfrjálst afsal kennsluafsláttar gegn hækkun launa. Félag grunnskólakennara skal tilkynna Sambandi íslenskra sveitarfélaga um niðurstöðu atkvæðagreiðslu fyrir kl. 15:00 þann 30. maí nk.



Kjarasamningur við BHM

Þann 30. mars sl. undirrituðu samninganefndir Sambands Íslenskra sveitarfélaga og 12 aðildarfélaga Bandalags háskólamanna samkomulag um breytingu og framlengingu á kjarasamningum aðila.

Ljósmeðrafélag Íslands felldi kjarasamninginn en aðra samninga hafa samningsaðilar samþykkt. Samkomulagið er birt á heimasíðu Sambands Íslenskra sveitarfélaga www.samband.is

Helstu atriði samkomulagsins eru:

Gildistími

Með samkomulaginu framlengjast kjarasamningar aðila til 31. ágúst 2015 með þeim breytingum sem í því felast og falla þá úr gildi án frekari fyrirvara.

Launabreytingar

Þann 1. mars 2014 tekur ný launatafla gildi.


Desemberuppbót (persónuuppbót)

Desemberuppbót á árinu 2014 verður kr. 87.500.

Orlofsuppbót

Orlofsuppbót verður sem hér segir:

- 1. maí 2014 kr. 41.200
- 1. maí 2015 kr. 42.000



Persónuálag vegna fagreynslu, símenntunar og viðbótarmenntunar

Persónuálag vegna árlegrar þátttöku í símenntunaráætlun lækkar þannig að persónuálag vegna 13 ára fagreynslu fellur niður gegn hækkun launatöflu.

Persónuálag vegna viðbótarmenntunar lækkar gegn hækkun launatöflu.

Bókanir með samkomulaginu

Fylgiskjal II um tímabundin viðbótarlaun verður tekið til skoðunar á samningstímanum og reynsla af framkvæmd og tilgangi TV-eininga metin. Jafnframt skal rætt um mögulegar útfærslur kerfa sem meta til launa árangur, frammistöðu og hæfni.

Skoðaðir verða möguleikar Sambands íslenskra sveitarfélaga til þátttöku í Starfsþróunarsetri háskólamanna, með það að markmiði að sambandið verði fullgildur aðili að setrinu við gildistöku næsta kjarasamnings.

Aðilar munu endurskoða starfaskilgreiningar og launaröðun. Í því felst m.a. að unnar verði tillögur að skýrari starfaskilgreiningum. Niðurstaða þess verkefnis liggja fyrir í síðasta lagi 1. mars 2015 og verði lögð til

grundvallar í næstu kjaraviðræðum. Nánari útfærsla og tímasett aðgerðaráætlun verði hluti af viðræðuáætlunum aðila.

Aðilar eru sammála um að ganga frá viðræðuáætlunum milli einstakra stéttarfélaga og Sambands íslenskra sveitarfélaga eigi síðar en 15. september 2014. Í viðræðuáætlunum verði skilgreind þau atriði, sem aðilar vilja ræða sameiginlega.

Bókun stjórnar vegna kjarasamnings við BHM

Eftirfarandi var bókað í fundargerð stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga þann 10. apríl 2014.

Stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga staðfestir fyrirbyggjandi samkomulag samninganefndar sambandsins og eftirtalinna aðildarfélaga Bandalags háskólamanna: Dýralæknafélags Íslands, Félags íslenskra félagsvísindamanna, Félags íslenskra náttúrufræðinga, Félagsráðgjafafélags Íslands, Fræðagarðs, Iðjubjálfafélags Íslands, Kjarafélags viðskiptafræðinga og hagfræðinga, Ljósmeðrafélags Íslands, Sálfræðingafélags Íslands, Stéttarfélags bókasafns- og upplýsingafræðinga, Stéttarfélags lögfræðinga og Þroskabjálfafélags Íslands, sem gert var 30. mars 2014, um breytingar og framlengingu á kjarasamningum aðila.

Stjórn sambandsins beinir því til sveitarfélaga, að nýta það tækifæri sem samkomulagið felur í sér til að endurskoða persónubundna samninga við hluta háskólamenntaðra starfsmanna um fastar yfirvinnugreiðslur, sem ákveðnar hafa verið sem yfirborgun vegna lágra grunnlauna að mati sveitarfélaga samkvæmt fyrri samningum sambandsins og BHM. Slíkar breytingar geta einnig að öllum líkindum dregið úr kynbundnum launamun sem oftast á sér orsakir í persónubundnum samningum um yfirborganir.



Upplýsingar um bæjarhátíðir



Síðustu ár hefur Samband íslenskra sveitarfélaga safnað saman upplýsingum um ýmiskonar bæjar- og sumarhátíðir víðs vegar um landið. Hafa þessar upplýsingar komið þeim sem hyggja á ferðalög innanlands ákaflega vel og hafa fjölmargir sótt þessar upplýsingar á vef okkar.

Síðustu daga hafa verið settar inn upplýsingar vegna sumarsins 2014 á vefinn og verður haldið áfram að bæta inn upplýsingum jafnóðum og þær berast frá sveitarfélögum.

Hægt er að nálgast upplýsingarnar á slóðinni www.samband.is/hatidir.



© **Samband íslenskra sveitarfélaga**

Borgartúni 30 • Pósthólf 8100
128 Reykjavík

Hönnun og umbrot: Ingibjörg Hinriksdóttir
Ritstjóri og ábm.: Magnús Karel Hannesson
2014/17

*Afritun og endurprentun er heimil svo
fremi að heimildar sé getið.*